

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	27.5.2015	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	736509,507 500987,545

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöð Olíudreifingar á Fáskrúðsfirði, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Þróarloki stóð opinn en var snarlega lokað. Þetta er áminning um að yfirgefa ekki olíubirgðastöðina án þess að yfirfara að allir lokar standi lokaðir eins og til er ætlast. Innðælinga-/tengislanga liggur út úr stöðinni framhjá áfyllingarplönnum. Samkvæmt rekstraraðila er hún óþörf og verður fjarlægð.

Girðingar og hlið voru í lagi.

Olíubirgðastöðin á Fáskrúðsfirði er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og var vottunarúttekt síðast framkvæmd (BSI) í september 2014.

Frávik frá

ákvæði 2.4 í starfsleyfi um að lokar í frárennislögnum skuli standa lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum.

Lýsing á fráviki

Í eftirliti var tekið á loka í frárennsli á milli þróar um geyma og olíuskilju. Lokinn stóð opinn þvert á ákvæði í starfsleyfi. Lokanum var umsvifalaust lokað. Yfirfara skal verklagsreglur við rekstur stöðvarinnar.

ákvæði 2.2 í starfsleyfi um að dæling á flutningsgeyma skuli fara fram á áfyllinga-/afgreiðsluplani.

Slanga gengur út úr stöðinni og tengi þar á til þess að tæma olíubíla (flutningsgeyma). Starfsmenn telja sig þurfa á þessum möguleika að halda til þess að tæma bíla í stöðinni. Aðstaða við stöðina er nokkuð þröng. Komið hefur í ljós að önnur leið er fær og verður þessi tengimöguleiki utan áfyllingaplans fjarlægður.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 16.06.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

